

Búnaðarsamband Suðurlands

Ársrit 2023

54. árgangur 1. tbl. 2024



BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS

Stofnað 6. júlí 1908

Búnaðarfélög 30, búgreinafélög 5, félagatala 1102, mars 2024.

Aðalstjórn:

Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi, í stjórn frá 2008, formaður frá 2016.
Haraldur Ívar Guðmundsson, Reykhól, í stjórn frá 2023.
Björn Helgi Snorrason, Kálfafelli, í stjórn frá 2019.
Hulda Brynjólfsdóttir, Tyrfingsstöðum, í stjórn frá 2021.
Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum, í stjórn frá 2021.
Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi, í stjórn frá 2022

Varstjórn:

Pórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti.
Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti.
Borghildur Kristinsdóttir, Skarði.
Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum.
Magnús Örn Sigurjónsson, Pétursey.
Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir, Miðskeri.

Skoðunarmenn:

Valdimar Guðjónsson Gaulverjabæ, frá 2018.
Aðalbjörg Ásgeirsdóttir, Stóru-Mörk, frá 2022

Varaskoðunarmaður:

Pétur Guðmundsson, Hvammi.

Búnaðarsamband Suðurlands starfsmenn:

Sveinn Sigurmundsson, frá 1983, frkvstj. frá 1. okt. 1987
Helga Sigurðardóttir, frá 1. sept. 1999
Brynja Marvinsdóttir, frá 1. ágúst. 2010

Sími

480-1801
480-1804
480-1800

Bændabókhald ehf. starfsmenn:

Ólafur Þór Þórarinsson, Selfossi
Gunnar Ríkharðsson, Selfossi
Anna Rúnarsdóttir, Selfossi
Margrét Ingjaldsdóttir, Selfossi
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti
Sigrún Böðvarsdóttir, Prestsbakka

480-1802
480-1833
480-1831
480-1832
486-8987
480-1819

Stóra Ármót ehf, bústjórar:

Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson frá 1. sept 2001

482-1058

Kynbótastöð ehf. starfsmenn og starfssvæði:

Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri frá 1. maí 1996
Úlfhéðinn Sigurmundsson

Sími

480-1801
871-5563

Starfssvæði: Uppsveitir Árnassýslu, efri hluti Skeiða, bæjir í Grímsnesi og Laugardal.

Guðmundur Jón Skúlason

871-2056

Starfssvæði: Frá Selalæk á Rangárvöllum vestur að Þjórsá. Neðri hluti Árnassýslu og neðri hluti Skeiða.

Hermann Árnason

871-1410

Starfssvæði: Frá Lambhaga á Rangárvöllum og austur að Lækjarbakka í Mýrdalshreppi.

Bæir í Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og hluti af Rangárþingi ytra.

Sigríður Böðvarsdóttir Starfssvæði: Skaftárhreppur

871-4719

Orri Brandsson

Starfssvæði: Austur Skaftafellssýsla

846-0058

Eyþór Karl Ingason Starfssvæði: Austurland/Hérað, Seyðis- og Norðfjörður

892-9439

Sigurður Max Jónsson Starfssvæði: Austurland, Suður-Firðir

858-7989

Klaufssnyrting Kynbótastöðvar ehf:

Birkir Þrastarson, Hæli

897-4482

Sauðfjársæðingar Kynbótastöðvar ehf.

Sveinn Sigurmundsson, umsjón frá 1. apríl 1986

480-1801

Formenn búnaðar- og búgreinafélaga

Formenn búnaðarfélaga

Ölfus: Kjartan Þ. Ólafsson, Hlöðutúni, 816, Selfoss

Grímsnes: Ágúst Gunnarsson, Stærri-Bæ, 805 Selfoss

Bláskógabyggð: Jón Halldór Gunnarsson, Drumboddsstöðum, 804 Selfoss

Hrunamannahreppur: Oddur Ólafsson, Hrepphólum, 846 Flúðir

Gnúpverjahreppur: Oddgeir Eiríksson, Sandlækjarkoti, 804 Selfoss

Skeiðahreppur: Haraldur Ívar Guðmundsson, Reykhól, 804 Selfoss

Hraungerðishreppur: Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti 803 Selfoss

Sandvíkurhreppur: Ari Páll Ögmundsson, Stóru-Sandvík, 801 Selfoss

Stokkseyrarhreppur: Björn Harðarson, Holti, 801 Selfoss

Gaulverjabæjarhreppur: Stefán Geirsson, Gerðum, 803 Selfoss

Villingaholtshreppur: Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki, 803 Selfoss

Ásahreppur:

Djúparhreppur: Birkir Ármannsson, Brekku, 851 Hella

Holtahreppur: Daníel Svanur Ólafsson, Guttormshaga, 851 Hella

Landmanna: Hannes Ólafsson, Austvaðsholti, 851 Hella

Rangárvellir: Björgvin Reynir Helgason, Lambhaga, 851 Hella

Hvolhreppur: Birkir Arnar Tómasson, Móeiðarhvoli 2, 861 Hvolsvöllur

Fljótshlíð: Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum, 861 Hvolsvöllur

Vestur-Landeyjar: Jóhann Rúnar Sævarsson, Stíflu, 861 Hvolsvöllur

Austur-Landeyjar: Sigurður Óli Sveinbjörnsson, Krossi, 861 Hvolsvöllur

Vestur-Eyjafjöll: Sverrir Guðmundur Guðmundsson Núpi 3, 861 Hvolsvöllur

Austur-Eyjafjöll: Magðalena K. Jónsdóttir, Drangshlíðardal, 861 Hvolsvöllur

Dyrhólahreppur: Magnús Örn Sigurjónsson, Eystri-Pétursey, 871 Vík

Hvammshreppur: Lára Oddsteinsdóttir, Skammadal, 871 Vík

Álftaver: Þorbergur Jónsson, Holti, 880 Kirkjubæjarklaustur

Skaftártunga: Bergur Sigfússon, Austurhlíð, 880 Kirkjubæjarklaustur

Leiðvallahreppur: Hörður Daði Björgvinsson, Efri-Ey, 880 Kirkjubæjarklaustur

Kirkjubæjarhreppur: Hörður Eyþórsson, Ásgarði, 880 Kirkjubæjarklaustur

Hörgslandshreppur: Bjarki V. Guðnason, Maríubakka, 880 Kirkjubæjarklaustur

Austur-Skaftafellssýslu: Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir, Miðskeri, 781 Höfn

Formenn búgreinafélaga á Suðurlandi:

Félag kúabænda Suðurlandi: Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir, Stóru-Mörk III

Félag sauðfjárabænda V-Skaftafellssýslu: Sigurjón Fannar Ragnarsson, Þykkvabæ 3

Félag sauðfjárabænda Rangárvallasýslu: Hjalti Sigurðsson, Raftolti

Félag sauðfjárabænda Árnessýslu: Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti

Loðdýraræktarfélag Suðurlands: Hjalti Logason, Neðri-Dal

Skýrsla formanns

Gunnar Kristinn Eiríksson

Síðasti aðalfundur BSSL var haldinn á Hótel Sel-fossi 8. mars s.l.

Breytingar urðu í stjórn, Helgi Eggertsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en Haraldur Ívar Guðmundsson var kosinn í hans stað. Er Helga þökkuð vel unnin störf og Haraldur boðinn velkominn í stjórn. Stjórnin er að öðru leiti óbreytt.

Á síðasta ári voru 6 formlegir stjórnarfundir haldnir. Helstu mál aðalfundar utan hefðbundinna mála var starfsemi RML í tilefni 10 ára afmæli þess. Loftslagsvænn landbúnaður, jarðrækt og nýting búfjáraburðar og tilbúins voru helstu málefni fundarins.

Um síðustu áramót varð breyting á nautgripasæðingum á landsvísi en 3 aðilar sjá um þær nú, þ.e. BSSL, BSE og Búvest. Sama gjaldskrá er um allt land en þetta var gert til að jafna sæðingarkostnað á landinu.

Búnaðarsambandið hefur komið að undirbúningi

að stofnun kornsamlags á suðurlandi en fyrsti fundur var haldinn í Þingborg í lok apríl.

Breytingar urðu á starfsmannahaldi Nautís um síðustu áramót en Baldur I. Sveinsson lét af störfum og Sigurbjörn Kjartansson tók við af honum. Baldri verður seint fullþakkað hans störf en hann kom í upphafi að verkefninu og hefur fylgt því eftir með miklum sóma. Klaufsnyrtingabás og bíll undir hann voru endurnýjaðir á árinu en þeir gömlu voru komnir til ára sinna og þurftu töluvert viðhald. Hrutafundir voru haldnir í haust og voru þeir vel sóttir. Mikill áhugi er á riðuarfgerðarverndandi hrútum en kapp-kostað er að auka þar við hrútakostinn.

Við Sveinn vorum í undirbúningshóp Bændasamtakanna varðandi afleysingaþjónustu fyrir bændur. Verkefnið fór vel af stað en veit ekki hvar það er statt í dag.

Stóra Ármót er þátttakandi í loftslagsvænum landbúnaði sem er mjög áhugavert verkefni. Gerðar

woru mælingar í Stóra-Ármóti á metanlosun kúa í samstarfi við Lbhí. Athugun á áhrifum af kölkun með skeljasandi eða Dolomít kalki er borin saman við enga kölkun. Einnig var gerður samanburður á dreifingu búfjáraburðar með hefðbundinni haugsugudreifingu og slöngudreifingu.

Haldið var áfram á síðasta ári með skjólbelti og skjólreita ræktun á Ármóti.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki og bændum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

Gunnar K. Eiríksson.



Mynd: Íslenska sauðkindin

Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir

Starfsemi Búnaðarsambandsins 2023

Sveinn Sigurmundsson

Veturinn var frekar kaldur og mikið vetrarríki frá 17. desember 2022 og til 20. janúar. Þá breytti um og hlánaði. Í mars kólnaði aftur en vorið var óvenju úrkomusamt og því erfitt um vorverk sökum bleytu sem varð til þess að sumstaðar náðu menn ekki að sá korni og grænfróðri í tíma. Sláttur hófst með seinna móti en júlí og ágúst voru þurrir og hlýir sunnlands. Heyfengur var þokkalegur en háarspretta með minna móti og heygæði í tæpu meðallagi. September var úrkomusamur og frekar svalur en hægviðri og austlægur áttir í haust.

Búnaðarsambandið veitti verðlaun á aðalfundi Félags kúabænda á Suðurlandi sem haldinn var í Gunnarsholti 1. febrúar. Afurðahæsta kúabúið á Suðurlandi 2022 var Dalbær 1 ehf en meðalafurðir voru 8.672 kg/árskú. Einnig voru veitt verðlaun fyrir afurðahæstu kúna á Suðurlandi 2022 sem var Fata 2106 Skáldabúðum 2 en hún mjólkaði 14.739 kg. Þá voru veitt verðlaun fyrir þyngsta ungneytið á Suðurlandi 2022 sem var frá Jóni Erni og Eddu Nýjabæ en fallið var 502 kg og flokkunin UN +3-.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands sá 115. var haldinn 8. mars á Hótel Selfossi. Gestir fundarins voru; frá Bændasamtökunum Gunnar Þorgeirsson formaður og Örvar Ólafsson nýr fjármálastjóri, frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Björn Halldórsson stjórnarformaður og Karvel Karvelsson framkvæmdastjóri. Það þótti við hæfi að bjóða ráðamönnum RML til fundarins í tilefni af því að 10 ár eru liðin frá stofnun þess. Borgar Páll Bragason RML var með erindi um verkefni RML í loftslagsmálum og ráðgjöf í jarðrækt. Kosið var um 2 stjórnarmenn og 2 í varastjórn úr Árnessýslu. Kosnir voru; Gunnar Kr. Eiríksson Túnsbergi og Haraldur Ívar Guðmundsson Reykhóli í aðalstjórn og varmenn Þórunn Andrésdóttir Bryðjuholti og Ragnar Finnur Sigurðsson Litla Ármóti. Kosið um 1 fulltrúa á Búnaðarþing fyrir Árnes- og Rangárvallasýslu og 1 fulltrúa úr Skaftafellssýslum. Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi var kosinn fulltrúi Árnes- og Rangárvallasýslu og Páll Eggertsson, Arngæisstöðum til vara. Bjarni Haukur Bjarnason Kálfafelli kosinn fulltrúi Skaftafellssýslu og til vara Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir Miðskeri.

Í lok apríl stóð Búnaðarsambandið að undirbúningsfundi vegna stofnunar kornsamlags og korn-

vinnslustöðvar fyrir Suðurland í Þingborg. Góð mæting var á fundinn sem var seinnipartinn í apríl. Þar mætti Helgi Eyleifur Þorvaldsson LbhÍ einn af höfundum skýrslunar Bleikir Akkrar sem er aðgerðaráætlun um aukna kornrækt á Íslandi. Kosin var undirbúningsnefnd og í henni eru; Björgvin Þór Harðarson Laxárdal formaður Haraldur Ívar Guðmundsson Reykhóli, Ólafur Eggertsson Þorvaldseyri og Örn Karlsson Sandhóli. Sveinn Sigurmundsson BSSÍ vinnur með nefndinni sem ritari og boðar til funda en Sveinn Aðalsteinsson Orkideu er ráðgjafi.

Búnaðarsambandið heldur úti heimasíðu og birti 25 fréttir á árinu auk fundargerða og upplýsinga um starfsemi fyrirtækjanna sem það rekur eða er aðili að.

Styrkir vegna jarðræktar voru alls 437,3 milljónir kr. og 434,5 milljónir kr. vegna landgreiðslustyrkja, alls 871,8 milljónir kr. Landgreiðslur voru veittar vegna 76.839 hektara. Einingarverð landgreiðslna er 5.655 kr.pr.ha. Jarðræktarstyrkir voru veittir vegna 10.491 hektara. Greitt var 43.635 kr./ha en var árið 2022, 38.584 kr./ha. Sérstakt álag vegna tjóns vegna fugla reiknast á 83,9 ha hjá 12 bændum. Í jarðræktarstyrkjum vegna útiræktunar á grænmeti, kartöflum og garðávöxtum til manneldis var greitt út á 560 hektara á árinu 2023 hjá 50 framleiðendum. Heildargreiðsla vegna útiræktaðs grænmetis nam samtals 83,6 milljónum króna á árinu 2023.

Annars vegar var greitt út á rótarafurðir fyrir samtals 62,2 milljónir kr. og hins vegar 21,5 milljónir kr. á afurðir ræktaðar ofanjarðar. Úttektarvinnan felst m.a í því að yfirfara umsóknir og bera þær saman við loftmyndir og gervitunglamyndir eftir mismunandi dagsetningum og heimsækja bændur eftir tilviljunarkenndu úrtaki. Útreikningar um landstærðir og ræktun byggjast á upplýsingum úr jarðræktarskýrsluhaldi í forritinu Jörð.is, sem byggir á landuppplýsingagrunni túnkorta.

Vel heppnaðir hrútafundir voru haldnir 20. og 21. nóvember og mættu alls 130 manns á þá. Veitt voru verðlaun fyrir 5 efstu lambhrútana í hverri sýslu og voru þau í boði Líflands. Sláturfélagið gaf kaffiveitingarnar og eru þessum aðilum þakkað mikið vel fyrir. Eyþór Einarsson fór yfir hrútaskránni dreift um leið. Þá ræddi Sveinn Sigurmundsson um sauðfjársæðingar,

Fanney Ólöf fór yfir efstu lambhrútana í hverri sýslu og Eyþór fjallaði að lokum um ýmis atriði í sauðfjárræktinni ásamt því að útskýra ræktunar-áætlun næstu ára sem miðar að því að innleiða ARR arfgerðina ásamt fleiri mögulega verndandi arfgerðum.

Húsnæðið að Austurvegi þarf stöðugt viðhald og á síðasta ári var móttökunni breytt og upphækkanlegt skrifborð sett þar. Með vorinu verður sett upp stólalyfta í stiganum en það var löngu tímabært og gengur ekki að hreyfihamlaðir eða þeir sem eiga erfitt með gang hafi ekki aðgengi að hæðinni. Þá tókst loksins að ljúka endurskoðun á leigusamningi við RML um skrifstofuhúsnæðið. Nýstofnað fyrirtæki Land og Skógur hefur óskað eftir meira skrifstofurými og munum við verða við því.

Búnaðarsambandið veitir umsagnir vegna stofnunar lögbýla, aðstoðar við umsóknir og sér um úttektir vegna vatnsveitna á lögbýlum og úttektir vegna styrkja í Framleiðnisjóð. Kemur aðeins að landskipta og landamerkjamállum. Aðstoðar ýmis félög á svæðinu við fundarboð og félagslega starfsemi og kemur að fjölmörgum öðrum verkefnum, má þar nefna mat á tjónum sem verða á girðingum og ræktunarlandi vegna veðurs eða flóða,

Búnaðarsambandið sér um framkvæmdastjórn og bókhald fyrir Nautís sem er einkahlutafélag í eigu NBÍ, BSSL og LK, og kemur einnig að vigtun, sæðistöku og fleiri verkum á búinu.

Bændabókhald.

Bændabókhaldið vinnur fyrir 269 aðila. Þar af eru 153 einstaklingar, 116 félög og 12 búnaðarfélög. Þá sér Bændabókhaldið um bókhaldsvinnu fyrir Búnaðarsambandið og fyrirtæki þess. Starfsfólk Bændabókhaldsins vinnur auk þess mörg önnur verk fyrir Búnaðarsambandið og er þar fyrirferðarmest úttektir vegna jarðræktar og landgreiðslna, skil á haustskýrslum og akstur með hrútasæði í desember. Vinnan við bókhald er minnst á haustin og hentar vel að vinna að öðrum verkefnum þá. Hansína Kristjánsdóttir lætur af störfum í mars en í hennar stað hefur Margrét Ingjaldsdóttir verið ráðin. Um leið og Hansínu eru þökkuð vel unnin störf er Margrét boðin velkomin til starfa

Stóra Ármót.

Klakalaust var mánaðarmótin apríl/maí. Jarðvinnsla fyrir kornrækt hófst 2. maí en ekki tókst að sá korni fyrr en 16. maí sökum úrkomu og ófærðar í flögum. Það tókst ekki að koma áburði í akurinn fyrr en 27. maí af sömu orsökum. Flagvinnu lauk ekki fyrr en 21. júní. Korn var sáð í 13,3 ha sem var 2/3 af því

sem til stóð. Tæplega 14 ha. var lokað með grasfræi og höfrum og tæplega 7 ha. eingöngu með grasi. Sláttur hófst 1. júlí, fyrri slætti lauk 12. júlí, að undanskildu því sem látið var spretta lengur fyrir Nautís. Fyrri sláttur var af 70 ha. Af því fengust 740 rúllur sem telst slakt, vísast hefur einhver útskolun á áburði valdið, einnig var hluti af tilbúna áburðinum gallaður. Heildaruppskera og þá líka af há og nýrækt voru 1.180 rúllur. Heygæði með lakara móti. Úr rættist með kornuppskeru. Gott tíðarfar í ágúst og september björguðu því sem bjargað var með kornuppskeru sem reyndist vera 90 rúmmetrar af 13,3 ha. En þroski hefur oft verið betri og þá fengust 75 rúllur af hálmi.

Gróðurfar var almennt um hálfum mánuði seinna á ferð en í meðalári, fé fór seint í úthaga og beitar-túnin slegin góðum hálfum mánuði seinna en venjulega.

Framleiðsluréttur búins í ársbyrjun 2024 er 343.834 þúsund lítrar en var 2023, 338.160 lítrar. Samkvæmt skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar eru afurðir á ársku 2023, 7.509 kg sem er aðeins lækkun milli ára sem skýrist að mestu af lakari heyjum. Innlögð mjólk á árinu var 368.881 þúsund lítrar. Efnainnihald innleggsmjólkur var 3,32% í próteini og fita 4,42%, frumutala var 155. Líftalan er á meðaltali við afurðastöðina.

Gengið var frá stofnun fjögurra lóða við Ármóts-



Korn preskt á Stóra Ármóti.

Ljósmynd Halla Eygló



Stóra Ármót, allt að gerast, fódurbíll, mjólkurbíll og dýralæknir.

Ljósmynd Helga Sigurðardóttir

flöt sem áður voru samþykktar í deiliskipulagi og liggja á móti þremur lóðum úr landi Litla Ármóts. Hver lóð er um 1,2 ha. Leigusamningar hafa verið gerðir um þær allar og hefjast framkvæmdir við gerð íbúðarhúsa næsta vor.

Búið er þátttakandi í rekstrargreiningarverkefni RML, rekstur kúabúa 2020-2022. Í heildarniðurstöðum segir; „Hátt afurðastig í mjólk, rekstur traustur og hagnaðarhlutfall búsins um 12,5% af tekjum. Í greiningu RML á rekstrarárinu 2023 segir m.a. „Framleiðslutekjur af mjólkurframleiðslunni, tekjur á hvern lítra eru háar á Stóra Ármóti árið 2023 og skýrast af góðu efnainnihaldi þó að afurðastig sé þetta hátt. Glæsilegur árangur.“

Stóra Ármót er þátttakandi í verkefninu loftslagsvænn landbúnaður sem gengur út á að búið setur sér markmið innan ákveðins tímaramma sem felst í því að gera aðgerðaráætlun sem miðar að því að auka kolefnisbindingu og minnka losun á kolefni. Liður í því að bæta nýtingu búfjáraburðar og minnka losun var að kaupa niðurfellingabúnað. Uppskeyra af þeim tünnum sem fengu niðurlagðan búfjáraburð var áberandi meiri en af þeim tünnum þar sem borið var á úr haugsugu. Stóra Ármót er einnig í jarðræktarverkefni RML sem nefnist Sprotinn.

Athugun á áhrifum af kölkun með skeljasandi eða dólómítalkalki borið saman við enga kölkun í samvinnu við Sláturfélagið hélt áfram. Áberandi hvað skeljasandurinn kemur vel út og er langvirkur.

Áfram voru athuganir með djúpfrost hrútasæði sem var skipulagt af Þorsteini Ólafssyni dýralækni. Nú var verið að bera saman fanghlutfall eftir því hvort sædisstráinu væri skipt til helminga eða nota það allt í kindina eins og leiðbeiningar eru um. Vandað var til verka við að greina beiðsli með því að leita þrisvar á sólarhring. Niðurstaðan var sú að fanghlutfall var 65 % þegar heilt strá var notað í kind á móti 38% þegar stráinu var deilt í 2 kindur. Athuginin sýnir líka að það er hægt að ná viðunandi ár-

angri með djúpfrostu hrútasæði.

Landbúnaðarháskólinn fékk aðstöðu á búinu við að mæla metanlosun hjá mjólkurkúm. Það er í svokölluðum GreenFeed metanmælingarbás. Hann virkar eins og kjarnfóðurbás sem mælir metan á meðan kýrnar éta kjarnfóðrið. Básinn safnar gögnum til að meta megi hver meðallosun sé frá íslensku kúnni. Þegar það liggur fyrir verður hægt að skoða hvort erlend reiknilíkön fyrir metanlosun passi okkar gripum. Það verður áhugavert að fylgjast með framtíðarniðurstöðunum um metanlosun því hlutirnir gerast hratt á þessum vettvangi.

Farið er að nota úrval út frá erfðamörkum í ræktunarstarfinu og tilvalið að nota búið sem ræktunarkjarna en á norðurlöndunum eru slíkir kjarnar m.a. notaðir til þess að fá nautkálfa á stöð.

Fundarsalurinn er nýttur til bændaafunda og námskeiðahalds. Góð samvinna er við endurmenntunardeild LbhÍ og haldið var námskeið í sauðfjársæðingum með Þorsteini Ólafssyni .

Unnið var að gerð skjólbelta og skjóllunda í samvinnu við Skógræktina síðasta vor fyrir þann hluta jarðarinnar þar sem fé gengur ekki á.

Rekstrartekjur voru 91,1 milljónir og rekstrargjöld með afskriftum upp á 77,6 milljónir en EBIDTA/rekstrarafgangur 22,8 milljónir. Eignir í stofnsjóðum og félögum eru 49,6 milljónir, mest í Auðhumlu eða 46,3 milljónir. Skuldir búsins eru bara við móðurfélagið síðan að einkahlutafélagið var stofnað 30,3 milljónir. Ákveðið var að greiða móðurfélaginu vexti sem námu 2.676 þúsundum króna sem voru lægstu vextir óverðtryggðra skuldaþréfa 8,53 %

Við uppbygginguna á Stóra Ármóti lagði Búnaðarsambandið til mikla fjármuni en nú er svo komið að búið skilar peningum til baka.

Kynbótastöð.

Búnaðarþing og búgreinaþing kúabænda 2022 lögðu til að tekin yrði upp ein gjaldskrá og kostnaður við

sæðingar jafnaður til fulls. Á síðasta ári var því unnið að því að leggja mat á sæðingakostnað á landinu með það að markmiði að allir bændur á landinu greiði sama gjald fyrir sæðinguna og að sama gjaldskrá gildi yfir landið. Niðurstaða rekstraraðila kúa-sæðinganna var að taka upp gripagjaldið sem hefur verið notað á Suðurlandi um áratugaskeið. Í lok ársins var svo reglugerð nr. 348 um stuðning í nautgriparækt breytt, þannig að meira fjármagn rennur á þau svæði þar sem sæðingarnar eru dýrari vegna meiri aksturs. Þess vegna og vegna almennra verðhækkana hækka sæðingagjöld á Suðurlandi um 1.000 kr á grip á ári eða úr 5.500 kr/grip í 6.500 kr/grip. Gripagjaldið stundum nefnt áskriftargjald er fundið út frá fjölda árskúa um áramót að viðbættum 25 % fyrir kvígur. Þannig er bú með 50 árskúr að greiða af 62,5 gripum. Ársgjaldið er því 406.250 kr án vsk sem þýðir 67.708 kr. á 6 mánaða fresti og hækkun um 62.500 kr. á ársgrunni eða um rúmar 5.000 kr. á mánuði.

Kynbótastöð ehf. sér um sæðingastarfsemi á Suður- og Austurlandi og er með 46% sæðinga í landinu. Þar voru framkvæmdar 20.444 sæðingar árið 2023 sem er aukning um 780 sæðingar milli ára. Á Búnaðarsambands svæðinu voru 17.546 sæðingar sem er aðeins aukning sem skýrist af fleiri kúm og aukningu í sæðingum á kvígum.

Það eru 19 frjótæknar sem komu að sæðingum á síðasta ári en á Suðurlandi frá Vík eru 3 fastráðnir starfsmenn. Úlfhéðinn Sigurmundsson er í uppsveit-

um Árnassýslu Guðmundur Jón Skúlason er með vesturhluta Rangárvallasýslu, Flóann og hluta af Skeiðunum og Hermann Árnason Hvolsvelli sér um svæðið austan Lambhaga á Rangárvöllum og að Vík. Hvert svæði telur um 3.000 kúr og rúmlega 50 bú og þessir frjótæknar með nærri 3.500 sæðingar á ári.

Eypór Karl Ingason sinnir svæðinu kringum Egilsstaði, auk Hánefsstaða og Skorrastaða. Í Vopnafirði eru það Nina Van Amerongen og Haraldur Jónsson sem sjá um sæðingar. Sigurður Max Jónsson Sköldólfsstöðum Breiðdal sinnir kúabúum á Suður Fjörðum. Aðrir frjótæknar eru: Fyrir Austur Skaftafellsýslu Orri Brandsson og Friðrik Reynisson afleysingamaður. Sigríður Böðvarsdóttir fyrir Skaftárhrepp og afleysingamaður Bergur Sigfússon. Aðrir afleysingamenn eru: Davíð Bragason, Halldór Eiðsson, Bjarki Guðmundsson og Jack W. Bradley sem hafði sinnt sæðingum á Vestfjörðum.

Klaufsnyrting var framkvæmd af Birki Þrastarsyni á 5.449 kúm á 101 kúabúi á síðasta ári sem er aðeins fækkun sem skýrist m.a. af bilun í klaufsnyrtibílum og stoppi í 5 vikur í lok ársins Meðalverð á kú var 2.450 kr. Það varð að endurnýja bílinn sem klaufsnyrtibásinn er í og síðan var keyptur nýr klaufsnyrtibás sem kom til landsins í byrjun febrúar. Þetta eru fjárfestingar upp á 11 milljónir. Birkir sótti endurmenntunarnámskeið fyrir klaufsnyrta sem haldið var í Danmörku í febrúar. Tap var á rekstrinum við klaufsnyrtinguna á síðasta ári og munar þar um mikinn viðhaldskostnað á

	HiLux 2015	Isuzu D-Max 2019	Nissan Qashqai 2019	Toyota Rav 4	Tesla model Y 2021	Benz Atego Klaufskurð	VW ID.4 GTX og Skodi + lánsbíl	Qashqai 2020	HiLux 2007	Meðaltal sæðingabíla
	AN-A87	AFL09	RUY62	PAJ40	NUT30	DI 743	LUA55	LVL35	MP-526	
Eldsneyti	373.027	390.954	1.140.953	413.196	474.536	692.291	260.465	1.272.208	500.740	613.152
Dekk	171.314		416.300	65.192	232.258	237.368	201.401	517.100	44.984	235.740
Viðgerðir/Smurning	161.811	282.075	123.728	114.180	719.310	1.454.282	13.359	1.404.739	400.231	519.302
Skattar	40.960	45.040	32.460	31.960	31.960	167.379	50.402	31.960	48.000	53.347
Tryggingar	112.543	90.354	154.201	113.043	154.201	189.464	173.609	154.201	112.543	139.351
Annað	12.653	13.742	14.705		52.380	38.423	75.183	30.888	15.690	31.708
Afskriftir/sölutap/hagn	300.955	431.283	369.651	280.533	1.009.866	400.000	1.501.613	441.465	19.036	528.267
Samtals	1.173.263	1.253.448	2.251.998	1.018.104	2.674.511	3.179.207	2.276.032	3.852.561	1.141.224	18.820.348
Staða mælis í upphafi árs	139.077	132.881	143.000	209.411	96.903	307.086	-23.000	156.356	221.994	
Staða mælis í lok árs	153.929	144.800	200.368	223.134	172.018	326.467	39.264	223.955	231.190	
Áætlaður akstur á ári	14.852	11.919	57.368	13.723	75.115	19.381	62.264	67.599	9.196	331.417
Kostnaður á km án afskr.	58,73	68,98	32,81	53,75	22,16	143,40	12,44	50,46	122,03	42,44
Kostnaður á km m.afskr	79,00	105,16	39,26	74,19	35,61	164,04	36,55	56,99	124,10	56,79
Eldsneyti og skattar á km	27,87	36,58	20,45	32,44	6,74	44,36	4,99	19,29	59,67	28,04
Lítrar á 100 km.	9,90	12,93	7,84	9,57		14,08		7,42	17,31	11,29

1. tafla: Rekstrarkostnaður sæðingabíla 2023.

bílnum og engin rekstrarafgangur var til að mæta afskriftum.

Rekstrarkostnaður bílanna var 56,8 kr/km með afskriftum en kostnaður án afskrifta var 42,4 kr/km. Bílarnir eru afskrifaðir um 20% á ári sem er eðlilegt miðað við aksturinn sem er á þeim. Rafbílarnir sem eru Tesla Y og Volkswagen ID 4 eru hagstæðastir. Báðir þessir bílar eru með rekstrarkostnað um 36 kr/km með afskriftum sem eru háar en kostnaður á km án afskrifta er ótrúlega lágur. En því er ekki að neita að það eru mikil vonbrigði með drægni þessarra bíla í kulda og við erfðar aðstæður. Þeir ná ekki mikið meira en 40% af þeirri drægni sem upp er gefin við bestu aðstæður og tæpt á því að hægt sé að ljúka vinnudegi án þess að hlaða. Nú eftir áramótin tekur í gildi gjald á rafbíla sem eru 6 kr/km sem þýðir að nærri hálf milljón á ári bætist við rekstrarkostnaðinn á hvern bíl.

Fanghlutfall í sæðingum hækkaði úr 69% miðað við 56 daga frá 1. sæðingu í 70%. Fanghlutfall er nánast það sama yfir Búnaðarsambandsvæðið en lakara þegar austar dregur.

Mikilvægt er að hlúa að endurmenntun frjótækna og því var farið öðru sinni í námsferð til Danmerkur til Viking Genetics í Ålaborg í byrjun nóvember. Það voru 14 frjótæknafráviðs vegar að af landinu sem tóku þátt í námskeiðinu sem fór fram í sláturhúsi Danish Crown í Ålaborg og auk þess var farið í einn dag með frjótækni. Kynbótastöðin sá um alla skipulagningu og utanumhald og lagði út fyrir kostnaði.

Davíð Bragason sem hóf störf sem frjótækni á síðasta ári fór í nám í sæðingum til Ålaborgar í byrjun ágúst. Námið er í 16 vikur og er farið mjög nákvæmt í að skoða leg og að ná færni við fangskoðun. Þetta er mun viðameira nám en boðið hefur verið upp á hér á landi en það er hins vegar frekar dýrt.

Höskuldur Jensson dýralæknir var ráðinn til NBÍ og í aðeins hluta starf hjá Nautís í stað Þorsteins Ólafssonar sem sinnt hefur störfum eftirlitsdýralæknis og séð um sýnatökur vegna sóttvarna. Höskuldur hefur aðsetur á Selfossi á skrifstofu Búnaðarsambandsins.

Finnska hugbúnaðarfyritækið Mtech er að útbúa fyrir okkur smáforrit til að nota í sæðingunum. Bændur panta sæðingu í gegnum forritið og skráningu lýkur um leið og sæðingu er lokið. Jafnframt heldur forritið utan um allan akstur og því mun liggja fyrir í lok dags akstur á hverja sæðingu á hverju svæði fyrir sig. Þörunaráætlun verður tengd við forritið og kæmi sjálfkrafa inn í pöntunina. Vonir standa til að forrit þetta verði tilbúið á árinu. Forritið



Fannar frá Svínafelli 23-925. Ljósmynd Halla Eygló

auðveldar allt utanumhald og minnkar villuhættu við skráningu auk þess á að liggja fyrir samræmdar upplýsingar um akstur.

Sauðfjársæðingastöð.

Í haust voru teknir inn á sauðfjársæðingastöðvarnar 17 lambhrútar. Einn þeirra var arfhreinn ARR, 14 arfblendnir ARR og tveir mögulega verndandi. Ásókn í sæði úr þessum hrútum var mjög mikil og margir fengu sæði fyrir til að tryggja það að fá sæði úr þessum hrútum. Útsent sæði frá Kynbótastöð ehf var í 23.270 ær sem er mun meira en síðustu ár. Mest útsending úr Birkilandi í 1.730 ær, Gimsteini í 1.530 ær, Fannari 1.485 ær, Káti 1.460 ær, Kristali 1.390 ær, Króki 1.295 ær, Frosta 1.250 ær, Starra 1.205 ær, Þór 1.155 ær, Atlasi í 1.100 ær og Hraunari í 1.070 ær. Útsent úr ARR rúm 50% og útsent úr ARR + MV 68%. Ekki hægt að afgreiða ARR eins og pantað var í magni alla daga þrátt fyrir ríkulega aðstoð ARR hrútsins Gimsteins. Pantanir verða alltaf einleitar og yfir 80% pantana voru úr hrútum með ARR og MV arfgerðir. Lang mest pantaði hrúturinn var Fannar frá Svínafelli en hann gaf eftir í sæðistöku og var langt í frá hægt að sinna pöntunum. Ekki verður annað sagt en að lambhrútarinn hafi samt heilt yfir staðið sig vel. En allavega þá hafa bændur heldur betur tekið við sér með innleiðingu á verndandi arfgerðum gegn riðuveiki. Næsta ár verða vonandi fleiri hrútar með verndandi arfgerðir í boði og fleiri arfhreinir.

Tíðin var hagstæð meðan flutningar á sæði stóðu yfir og aðeins eitt tilfelli að flug féll niður.

Djúpfrysting á hrútasæði hófst um 10. nóvember. Við notuðum nýjan blöndunarvökva frá IMV í Frakklandi sem hafði verið notaður með góðum árangri við frystingu á geitasæði. Sæðisgæði virtust góð og megnið af sæðinu þoldi frystingu. Alls tókum

við vel á þriðja þúsund skammta en áhugi bænda er ekki mikill og voru tæplega 300 skammtar sendir út til bænda. Fyrstu bendingar um árangur eru vonbrigði og ekki í samræmi við væntingar. Það var ágætis sala á frosnu sæði til USA sem gaf um 2 milljónir í tekjur og það má segja að ekkert vit sé í því að standa í þessari frystingu komi þessi sala ekki til.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu eru 14.797 ær sæddar frá stöðinni þetta haustið sem er aukning um 4.000 ær milli ára. Alls staðar heldur aukning en mest er hún í Húnavatnssýslum en þar kappkosta bændur við að innleiða ARR genið, enda riðan að leika þetta hérað grátt.

Hrútarnir voru settir út upp úr miðjum maí. Vorið var í meðallagi hlýtt en afar votviðrasamt en sjaldan hrakviðri. Nú brá svo við að afföll voru engin, nema nýkominn hrútur frá Giljum í Mýrdal sem slapp út úr litlu hólfu heim við stöðina og ráfaði austur í sveitir og komst saman við kindur og þá var ekki annað í stöðunni en að fella hann. Nú var hagnaður af rekstri stöðvarinnar í fyrsta sinn í mörg ár enda jukust tekjur af sæðissölu um 8 milljónir milli ára.

Sama starfslið var við stöðina og síðustu haust. Páll Þórarinnsson sér um sæðistöku og gegningar í hrútahúsi. Ármann Sverrisson er aðstoðarmaður við sæðistöku og leiðir hrútana fram. Ólafur Þór Þórarinnsson sér um akstur á sæði til Reykjavíkur og líka austur í sveitir þetta árið. Páll Stefánsson dýralæknir sér um sæðisblöndun og gæðamat á sæði og Þóra Þórarinsdóttir fyllir á sæðisstráin, gengur frá pöntunum, sér um þrif, þvott á brúsum og fleira. en Sveinn Sigurmundsson sér um skipulag, tekur við pöntunum og deilir út sæðinu.

Lokaorð.

Niðurstaða rekstrarreikningsins 2023 er mun betri en árið 2022. Þá var tap af samstæðunni 3,8 milljónir en nú er hagnaður 24,4 milljónir. Markaðsverðbréfin gefa 4,3 milljónir í tekjur á móti 2ja milljóna króna tapi á síðasta ári. Mikill viðsnúningur varð á rekstri Kynbótastöðvar, aukning í tekjum m.a. vegna meiri þátttöku í sauðfjársæðingum og verðtryggingar á starfsfé þegar minnkun varð í launakostnaði vegna fækkunar frjótækna og svo varð hófleg hækkun á

ýmsum gjaldaliðum. Útkoman á Stóra Ármóti batnaði einnig m.a. vegna aukinna leigutekna. Rekstrartekjur fyrirtækjanna með Stóra Ármóti eru 394,6 milljónir þegar búið er að taka tillit til sölu á milli fyrirtækjanna. Rekstrargjöld eru 378,2 milljónir og rekstrarhagnaður upp á 16,4 milljónir. Fjármunaliðir skila 11 milljónum sem er veruleg aukning frá fyrra ári. Rekstrarhagnaður með vaxtatekjum er 27,5 milljónir króna en eftir skatta er það 24,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé 299,8 milljónir. Eignir eru alls 377,4 milljónir. Veltufjármunir eru 213,7 milljónir á móti 172,2 milljónum árið á undan. Eiginfjárhlutfall er 94 % hjá Búnaðarsambandinu en 79 % hjá samstæðunni allri.

Bændabókhald ehf. veltir 59,1 milljónum og er með 1,3 milljónir í tap. Kynbótastöð ehf. er með veltu upp á 211,2 milljónir og hagnað upp á 9,0 milljónir króna. Búnaðarsambandið er með veltu sem nemur 67,2 milljónum og rekstrartap upp á 6,9 milljónir en þegar búið var að taka tillit til dótturfélaga og skatta breytist staðan heldur betur eða hagnaður upp á 24,4 milljónir. Rekstrartekjur á Stóra Ármóti voru 91,1 milljónir en rekstrargjöld eru 77,6 milljónir og hagnaður með leigutekjum 12,7 milljónir þegar búið er að taka tillit til skatta og fjármagnsliða.

Ekki er ástæða til annars en að vera ánægður með niðurstöðu síðasta árs en það sem ber reksturinn uppi eru dótturfélögin og eignastaða fyrirtækisins. Svo má ekki gleyma samlegðaráhrifunum þar sem hvað vinnur með öðru og stjórnunar- og bókhaldskostnaður er í lágmarki.

Undirritaður þakkar bændum og samstarfsfólki ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Sveinn Sigurmundsson

Sæddar ær frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands 2023 með fersku sæði										
	2023	2022	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014
BS.Kjalarnes	15	5	26	30	35	52	32		42	49
Borgarfjörður	56	170	80	45	61	58	103	71	94	147
Snæfellsnessýsla	103	92	48	25	12	40	30	81	108	147
Dalasysla	31	28	51			12		41	45	80
Barðastrandasysla		32								
Ísafjarðarsýsla			15						28	
Strandasysla										12
Húnavatnssýslur	2.683	1.665	1.877	1.688	1.091	906	1.400	2.003	1.580	1.017
Skagafjarðarsýsla	1.091	802	797	666	482	825	786	1.272	877	739
Eyjafrjársýsla	967	580	705	630	250	410	413	672	739	586
S.Þingeyjarsýsla	832	575	816	584	531	868	648	1.041	959	604
N.Þingeyjarsýsla	610	245	769	361	314	513	329	707	736	394
Austurland	1.173	512	877	803	988	1.044	603	808	1.314	956
A.Skaftafellssýsla	1.447	1.391	1.389	1.193	1.437	1.316	1.558	1.808	1.598	2.200
V.Skaftafellssýsla	832	774	897	1.049	1.152	774	1.174	1.383	1.375	1.256
Vestmannaeyjar	5		5	10						
Rangárvallasýsla	1.875	1.641	1.777	1.902	1.645	1.640	2.036	2.483	2.298	2.336
Árnessýsla	3.077	2.221	2.651	2.764	2.373	2.131	2.793	3.200	3.284	3.113
	14.797	10.733	12.780	11.750	10.371	10.589	11.905	15.570	15.077	13.636

Tafla 2. Sæddar ær frá Sauðfjársæðingastöð með fersku sæði 2014-2023

Starfsemi Nautís 2023

Sveinn Sigurmundsson



Burður hófst 20. apríl en það fæddust 14 kálfar í apríl og maí. Í júní og júlí fæddust svo 4 kálfar. Nú brá svo við að það fæddust 12 nautkálfar og 6 kvígur en hingað til hafa alltaf fæðst fleiri kvígur. Ein kvígan sú sem síðast bar hafnaði kálfinum alveg. Það var nautkálfur, Manni nr 82 sem eðlilega þreifst ekki vel. Hann drapst síðan þegar hann var kominn í einangrunina

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu eru 39 gripir í eigu Nautís, 22 kýr og kvígur í kúahlutanum, 17 gripir í einangrun þar af 11 naut og 6 kvígur.

Þremur kúm var fargað. Steinu nr 3 vegna skeiðarsigs, Láru nr 15 vegna ófrjósemi en hún náði ekki að festa fang og Eik nr 38 sem hafnaði kálfinum algerlega.

Í byrjun júlí voru tilboð í holdagripum hjá Nautís opnuð. Alls bárust tilboð frá 14 rekstraraðilum. Tilboðin í nautin voru frá lágmarksverði og upp í kr 1.550.000,- Tilboðin í kvígurnar voru frá lágmarksverði og upp í kr 750.000,- Nautin voru afhent um leið og sæðistöku lauk en kvígurnar voru til afhendingar strax

Kálfarnir voru gerðir mann- og bandvanir þegar þeir voru litlir en það kom vel út á síðasta ári. Þeir sem eru undan Laurens av Krogdal eru margir þéttvaxnir og vel gerðir en kálfarnir undan Manitu eru stærri en þroskast vel. Tveimur nautum var fargað. Blámanni nr. 48 sem var undan Simmental nautinu Avlunds Jesper en samkvæmt ákvörðun fagraðs er verið að flytja inn erfðæfni úr Aberdeen Angus holdagripum. Þá var nautið Ívar nr 52 með of inn-skeifa afturfótastöðu sem var synd því nautið var vel gert að öðru leyti og með mikil lærahold. Þeir voru 14 og 13,5 mánaða, föllin voru 360 kg og 335 kg. Með sláturlaginu lögðu þeir sig á um og yfir hálf milljón króna hvor. Í Noregi er stefnan að gripirnir nái sláturstærð helst við 16 mánaða aldur.

Sæðistaka var í júní og júlí og gekk vel. Öll nautin gáfu sæði, Þeir Laki og Lilli gáfu þrýðis sæði, samtals um 1800 skammta en Lækur og Lárus voru með lakari sæðisgæði og náðust bara um 500 skammtar úr þeim. Holdanautabændur geta fengið erfðæfnið með því að kaupa lífdýr en einnig með því að nýta sér sæðingar sem því miður of fáir



Laki 0056 sem er undan Laurens av Krogdal.

Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir

holdanautabændur nýta sér en nú eru tæplega 8 þúsund skammtar til af sæði úr þeim Angus nautum sem gefið hafa nothæft sæði frá því að sæðistaka úr þeim hófst 2019. Einungis 1.445 skammtar af holdanautasæði voru notaðir á síðasta ári og þar af bara 451 holdakú sædd.

Sæðingar á búinu hófust í júlí og fyrst var notað sæði úr Manitu av Höystad en

sæðið sem til var úr Laurens av Krogdal og Jens av Grani var klárað en því miður dróst að það sæði sem hafði verið pantað úr Hovin Milorg og ungnautinu Lis Roll in one kæmi til landsins en það kom þegar sæðingum var að ljúka og þurftum við að nota sæði úr Lilla, Laka og Jenna en eigum von á einum kálfi undan Hovin Milorg. Ástæðan fyrir því er sú að kröfur til sýnatöku úr nautum sem sæði er flutt inn úr eru meiri en Norðmenn sjálfir gera og því þarf að fara í hjarðirnar þar sem þessi naut eru nú og taka aukasýni og greina. Það héldu 13 kúr/kvígur við fyrstu sæðingu og hugsanlega fleiri sem gætu hafa sýnt falskt beiðsli en haldið við fyrstu sæðingu. Það þarf aðeins að gæta sín þegar hreyfiskynjarinn er notaður við beiðslisgreiningu.

Það voru keyptir kjarnfóðurbásar fyrir kálfana sem voru staðsettir á beitarsvæðinu. Þetta fyrirkomulag kom vel út og stuðlar að betri þroska kálfanna.

Baldur I Sveinsson sem verið hefur bústjóri hjá Nautís frá upphafi sagði upp störfum frá og með áramótum. Baldur hefur staðið sig frábærlega, fyrst við bygginguna og síðan hefur hann verið vakin og sofinn við holdanautabúið frá því að innflutningur erfðæfnisins hófst. Þekking hans og reynsla af kúabúskap nýttist vel. Nýr bústjóri Sigurbjörn Snævar Kjartansson var ráðinn en þegar hann var að sýsla við holdakýrnar í desember datt hann illa á svelli og mjaðmagrindarbrotnaði. Aðgerð sem hann fór í heppnaðist vel og mun hann koma til fullra starfa fljótlega. Baldri eru hér með enn og



Li's Super Nugget Nr.74116

Ljósmynd Jan Arve Kristiansen

aftur þökkuð vel unnin störf en um leið er Sigurbjörn boðin velkominn til starfa.

Ráðunautar RML þær Ditte Clausen og Linda Gunnarsdóttir fóru til Noregs að læra að meta holdagrip. Þær komu síðan í maí og skoðuðu og dæmdu holdagripina sem við létum fylgja með útboðinu.

Nú er komið að því að panta meira sæði og þá leitum við ráða hjá Kristian Heggelund ræktunarsérfæðingi hjá Tyr í Noregi og til formanns Angus félagsins, Svein Eberhard en þeir báðir eru mjög áhugasamir um framgang þessa litla „norsk/íslenska“ ræktunarbús. Óskyld en efnileg ungnaut er kosturinn nú.

Við erum nýbúin að panta meira sæði og þá leitum við ráða hjá Kristian Heggelund ræktunarsérfæðingi hjá Tyr í Noregi og til formanns Angus félagsins, Svein Eberhard en þeir báðir eru mjög áhugasamir um framgang þessa litla „norsk/íslenska“ ræktunarbús. Óskyld en efnileg ungnaut urðu fyrir valinu nú og í með hækkandi sól koma 35 skammtar úr Hovin Sokrates og 35 skammtar úr Li'S Super Nugget. Bæði þessi ungnaut eru undan eða út af Angus nautum frá Ástralíu.

Í samantekt þeirra Guðmundar Jóhannessonar og Sigurðar Kristjánssonar um niðurstöður skýrsluhaldsársins 2023 í nautakjötsframleiðslunni kemur skýrt fram að afkvæmi nýju Angusnautanna ná meiri þunga á styttri tíma með mun betri flokkun og niðurstæða þeirra er; „ Þá er greinilegt á þunga- og gæðatölum að nýja Angus erfðæfnið er farið að láta til sín taka.“

Gripir í eigu Nautís í september 2023

Nr	Nafn	F. ár	Faðir	Móðir	M. faðir	Staðsetning
4	Sveina	2018	LiS Great Tigre	Letti av Nordstu	Dunder av Bognes	Kúafjós
5	Silla	2018	LiS Great Tigre	Lara av Höystad	Ivar fra Li	Kúafjós
6	Vísa	2018	LiS Great Tigre	Lara av Höystad	Ivar fra Li	Kúafjós
7	Birna	2018	LiS Great Tigre	Letti av Nordstu	Dunder av Bognes	Kúafjós
8	Fóstra	2018	LiS Great Tigre	Lara av Höystad	Ivar fra Li	Kúafjós
14	Systa	2019	LiS Great Tigre	Letti av Nordstu	Dunder av Bognes	Kúafjós
18	Assa	2019	Hovin Hauk	Mose av Grani	First Boyd fra Li	Kúafjós
19	Eir	2019	Horgen Erie	Maiken av Grani	First Boyd fra Li	Kúafjós
21	Vænting	2019	Horgen Erie	Maiken av Grani	First Boyd fra Li	Kúafjós
35	Jóka	2021	Jens av Grani	Vísa	LiS Great Tigre	Kúafjós
36	Embla	2021	Emil av Lillebakken	Hovin Nora	Junior av Nordstu	Kúafjós
37	Erla	2021	Emil av Lillebakken	Nanne av Höystad	Lord Rossiter	Kúafjós
41	Jenna	2021	Jens av Grani	Eir	Horgen Erie	Kúafjós
43	Jata	2021	Jens av Grani	Systa	LiS Great Tigre	Kúafjós
44	Jóra	2021	Jens av Grani	Gunna	Horgen Erie	Kúafjós
47	Jana	2022	Jens av Grani	Birna	Lis Great Tigre	Kúafjós
54	Kidda	2022	Kid av Volstad	Putina av Krogdal	GF inner Strength	Kúafjós
55	Klara	2022	Kid av Volstad	Petra av Krogedal	Emil av Lillebakken	Kúafjós
57	Rauðka	2022	Laurens av Krogdal	Fóstra	Lis Great Tigre	Kúafjós
59	Lukka	2022	Laurens av Krogdal	Eir	Horgen Erie	Kúafjós
60	Læða	2022	Laurens av Krogdal	Sveina	Lis Great Tigre	Kúafjós
62	Lúra	2022	Laurens av Krogdal	Assa	Hovin Hauk	Kúafjós
64	Leynir	2023	Laurens av Krogdal	Steina	LiS Great Tigre	Einangrun
65	Lubba	2023	Laurens av Krogdal	Erla	Emil av Lillebakken	Einangrun
66	List	2023	Laurens av Krogdal	Jata	Jens av Grani	Einangrun
67	Lína	2023	Laurens av Krogdal	Fóstra	LiS Great Tigre	Einangrun
68	Jaki	2023	Jens av Grani	Eir	Emil av Lillebakken	Einangrun
69	Jarl	2023	Jens av Grani	Vænting	Horgen Erie	Einangrun
70	Lundi	2023	Laurens av Krogdal	Sveina	LiS Great Tigre	Einangrun
71	Lási	2023	Laurens av Krogdal	Birna	LiS Great Tigre	Einangrun
72	Litur	2023	Laurens av Krogdal	Jenna	Jens av Grani	Einangrun
73	Lómur	2023	Laurens av Krogdal	Embla	Emil av Lillebakken	Einangrun
74	Lax	2023	Laurens av Krogdal	Jóra	Jens av Grani	Einangrun
75	Leir	2023	Laurens av Krogdal	Jóka	Jens av Grani	Einangrun
76	Lykkja	2023	Laurens av Krogdal	Silla	LiS Great Tigre	Einangrun
77	Lóa	2023	Laurens av Krogdal	Systa	LiS Great Tigre	Einangrun
78	Menja	2023	Manitu av Höystad	Lára	LiS Great Tigre	Einangrun
79	Moli	2023	Manitu av Höystad	Assa	Hovin Hauk	Einangrun
80	Móði	2023	Manitu av Höystad	Vísa	LiS Great Tigre	Einangrun

Tafla: Gripir í eigu Nautís



Bogahýsi sem reist var
haustið 2022 og nýtist sem
gott skjól.
Til hliðar er kjarnfóður-
gjafabás fyrir kálfa, sem kýr
komast ekki í.


Ljósmynd Halla Eygló

Myndir frá Nautís

Ljósmyndir frá Höllu Eygló Sveinsdóttur



Buslað í bleytu.



Systa nr. 0014 með afkvæmið sitt Lax 0077



Kálfurinn Lundi 0070



Baldur I. Sveinsson að störfum.
Á mynd til vinstri er hann í fjósinu á Stóra-Ármóti.
Á mynd til hægri er hann að spekja nautin.

115. aðalfundur

Búnaðarsambands Suðurlands

haldinn 8. mars 2023 að Hótel Selfoss

1. Fundarsetning,

Gunnar Kr. Eiríksson formaður BSSL.

Gunnar Kr. Eiríksson setti fundinn og bauð gesti, fulltrúa, starfsmenn, gesti velkomna. Hann gerði það að tillögu að Sigurður Loftsson, Steinsholti stýrði fundi og Helga Sigurðardóttir, Búnaðarsambandi Suðurlands ritaði fundargerð.

2. Skipan kjörbréfanefndar.

Sigurður Loftsson bar upp tillögu um skipan kjörbréfanefndar; Berglind Hilmarsdóttir, Núpi, Skeggi Gunnarsson, Skeggjastöðum, Magnús Örn Sigurjónsson, Pétursey og Gunnar Ríkharðsson starfsmaður nefndarinnar. Tillagan samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar, Gunnar Kr. Eiríksson.

Gunnar fór yfir stöðu Búnaðarsambandsins frá síðasta aðalfundi. Eitt af stóru verkefnum var að taka inn félaga úr Búnaðarsambandi Austur-Skaftafellssýslu og gekk það vel. Við þessa breytingu var fjölgað um einn í stjórn úr 5 í 6.

Samþykkt var á síðasta Búnaðarþingi að skoða betur fyrirkomulag kúasæðinga á landsvísu og vinna við það er í gangi.

Á Stóra Ármóti eru Selfossveitur með nokkrar borholur og talsverðar framkvæmdir við Lambhagatá sem var gaman að skoða með Sigurði Þór veitustjóra. Gaman að segja frá að Stóra Ármót er þátttakandi í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður og sjá bústjórar um að fylla út þau gögn sem þar þarf að skrá. Í sambandi við það verkefni er líka á leiðinni til landsins mælingabás til að vita meira um losun íslenskra kúa á metangasi.

Samstarf við Landbúnaðarháskóla Íslands hefur aukist með námskeiðahaldi á þeirra vegum á Stóra Ármóti.

Búnaðarsambandið kom að skipulagningu á NØK ráðstefnunni sem haldin var í júlí síðastliðinn og má þakka Sveini hans framlag.

Þá gátum við líka haldið hrútafundi síðasta haust, sem ekki hafa verið síðustu ár.

Kynbótastöðin er með tvo rafbíla sem fróðlegt hefur verið að fylgja eftir og svo þarf að endurnýja klaufsnýrtibásinn, en nýjan bás er verið að taka í notkun þessa dagana.

Að lokum þakka ég starfsfólki og bændum góð samskipti á árinu.

4. Reikningar BSSL og skýrsla framkvæmdastjóra, Sveinn Sigurmundsson.

Sveinn fór yfir stöðuna á Búnaðarsambandinu, en öll fyrirtæki standa og falla með því starfsfólki sem þar vinnur og vert að hlúa að því.

Velta Búnaðarsambandsins nálgast 400 milljónir, þar inni er vinna milli fyrirtækja BSSL. Helstu tekjuliðir eru seld þjónusta, félagsgjöld, húsaleiga og vinna fyrir matvælaráðuneytið. Stærstu kostnaðarliðir eru laun sem hafa hækkað mikið og aðkeypt þjónusta, aðallega af Bændabókhaldinu. Í efnahagsreikningi er eigið fé og skuldir um 300 milljónir, sem endurspeglar þó ekki þær eignir sem sambandið á sem er jörð, skrifstofuhúsnæði, bílar og fleira.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) stendur á tímamótum og vil ég óska þeim til hamingju með 10 ára afmælið, sem varð um leið mikil breyting fyrir Búnaðarsambandið, en þá var leiðbeiningastarf og ráðgjöf færð yfir til RML.

Markmið Búnaðarsambandsins er að vera réttu megin við núllið, þetta er ekki hagnaðardrifið fyrirtæki en með sterka eiginfjárstöðu. Minnst þess þegar ég fór til Danmerkur fyrir nokkrum árum að kynna mér starfsemi þarlandra Bændasamtaka að þeir lögðu mikið upp úr því að hafa sterka eiginfjárstöðu til að núllrekstur gengi upp.

Félagsmönnum í Búnaðarsambandi Suðurlands fjölgaði þegar Búnaðarfélag Austur Skaftafellssýslu gerðist aðildarfélag að samtökunum.

Búnaðarsambandið skuldar ekkert en það auðveldar reksturinn sem og samlegðaráhrif milli fyrirtækjanna.

Bændabókhaldið er með 245 viðskiptavinum, 85 félögum, 12 búnaðarfélögum og 160 einstaklingum. Anna Rúnarsdóttir er nýr starfsmaður og kom í staðinn fyrir Björgu Agnarsdóttur sem hætti í byrjun árs og fór til Landsvirkjunnar. Tap á Bændabókhaldinu er 3,4 milljónir. Vinna fyrir Búnaðarsambandið er kannski ekki alveg rétt metin og skýrir að að miklu leiti þetta tap. Í Bændabókhaldinu er minnst að gera á haustin og þá eru starfsmenn þar nýttir í úttektir. Í fyrra var 1,5 milljarður greiddur til bænda vegna jarðræktar, landgreiðslna og garðyrkju. BSSL fær 5,7 milljónir greiddar vegna úttektana. BSSL sér líka um að gera haustskýrslur, fyrir þá búfjáreigendur sem ekki skila þeim.

Stóra Ármót, þar eru afurðatekjur upp á 63 milljónir. Á hverju ári greinir Runólfur Sigursveinsson hjá RML búíð og er afurðastig hátt og á margan hátt góður rekstur. Aðrar tekjur eru fyrir heitt vatn 6,5 milljón og mun sú upphæð hækka á þessu ári, svo er sala til Nautís, bæði hey, landleiga og fleira. Rekstrargjöld eru á pari miðað við önnur bú. Kostnaður liggur helst í að farið var í viðhald á fjósþaki, aukin ræktun og meira viðhald á girðingum. Búíð er þátttakandi í öllum verkefnum RML en það nýjasta frá þeim er Loftslagsvænn landbúnaður.

Samstarf við LbhÍ var á síðasta ári í sambandi við byggyrkjatilraun og námskeiðahald þar sem fundarsalurinn var nýttur. Aðrar athuganir sem í gangi eru er skeljasandstilraun í samstarfi við Sláturfélag Suðurlands. Síðustu tvö ár höfum við verið með tilraun á djúpfrystu hrútasæði. Einnig hefur verið samvinna við Nautís í sambandi við fósturvísaskolun og voru tvær kvígur í því. Nýta mætti betur þá aðstöðu sem er til staðar í samstarfi við Nautís, en þar vantar meiri sérfræðiþekkingu.

Kynbótastöðin á síðasta ári varð mikil hækkun á launum, sem má skýra með nýjum kjarasamningum við frjótækna, styttingu vinnuvikunnar og einn sæðingamaður sem var í verktöku hætti og annar tók við sem launamaður. Laun frjótækna er vel viðunandi en við erum líka með ánægða starfsmenn.

Kynbótastöð er stærsta fyrirtæki Búnaðarsambandsins, þar er seld þjónusta upp á 92 milljónir og 94 milljónir koma úr búvörusamningum, aðrar tekjur eru auglýsingar í Hrutaskrá og tryggingabætur.

Fjöldi sæðinga Kynbótastöðvarinnar voru árið 2022 19.646 eða 46% af sæðingum á landsvísu. Fanghlutfall hefur hækkað úr 67% í 69% miðað við að ekki komi til endursæðinga eftir 56 daga.

Rekstrarkostnaður bíla er 56,6 kr/km með afskriftum og erum með tvo rafbíla sem hefur verið gaman að fylgjast með. Drægni þeirra er þó ekki eins mikil og upp er gefið og í kuldatíð er drægnin mjög langt frá uppgefnum km.

Rekstrarumhverfi sæðingastarfseminnar mun breytast á næstu misserum og gæti nýtt fyrirkomulag tekið gildi um næstu áramót. Breytingin verður fólgin í því að 3 aðilar sjá um sæðingastarfsemina, okkar svæði verður óbreytt en svo munu norðlendingar og vestlendingar, skipta restinni af landinu. Sæðingagjöld Kynbótastöðvarinnar munu hækka á okkar svæði, en vonandi ekki mikið.

Frjótækna fóru til Danmerkur í haust í starfskynningu og í stuttu máli heppnaðist sú ferð afar vel og munu þeir starfsmenn sem heima voru fara í samskonar ferð á þessu ári. Það var hægt að læra mikið af dönum og meðal þess sem þeir nota er smáforrit sem heldur utan um pantanir á sæðingum og skráningar á þeim, sem við höfum hug á að taka í notkun og þróa að okkar þörfum.

Klaufir voru klipptar á 6300 kúm og það þurfti að endurnýja klaufsnyrtibásinn og sendiferðabíl undir hann. Birkir Þrastarson, klaufsnyrtir fór til Danmerkur í endurmenntun og ferðaðist með dönskum klaufsnyrti og kynnti sér vinnubrögð hans

Sauðfjársæðingum fækkaði um 2.000 ær á síðasta ári, en síðustu daga vertíðarinnar versnaði færð til muna og lítið sæði var sent út þá daga. Árangur er mjög mismunandi eftir bændum en sumir bændur að ná 80-90% fanghlutfalli ár eftir ár. Á síðasta ári náðum við að frysta sæði. Það er áberandi að bændur vilja nota yngri hrútana frekar en þá eldri og því mikilvægt að fá nýja hrúta inn á stöð. Nemenda- verkefni LbhÍ á sæðisgæðum staðfesti að mat okkar er gott.

Nautís var mikið gæfuspor þegar það var stofnað til að vinna að innflutningi af hreinræktuðum gripum af Angus holdagripum frá Noregi. Árangur af nýja erfðaefninu er að skila sér í ræktunina og til neytenda. Sveinbjörn Eyjólfsson frá Nautastöðinni á Hesti kemur og tekur sæði úr nautunum, en sum naut gefa ekki sæði, en gagnast þó alltaf þegar þau eru seld út á búin.

Á síðasta ári komu norðmenn í heimsókn og komu með ráðgjöf um ýmislegt í holdanautaræktuninni. Til að fá sem mest út úr gripnum og líka m.t.t. kolefnislosunar þá vildu þeir ekki vera með of stóra gripi, eða of þunga. Það væri of mikill kostnaður að ala þá í mikla sláturþyngd. Stefna að því að ná 360 kg fallþunga við 16 til 18 mánaða aldur. Annar norðmannana var Kristian Heggelund, ráðunautur hjá TYR tók ráðunauta RML á námskeið í að meta og dæma holdagripi. Baldur Sveinsson, bústjóri á Nautís hefur sagt upp störfum frá og með næstu áramótum og verður erfitt að fylla hans skarð.

Búnaðarsambandið er með yfirumsjón yfir rekstri fyrirtækja samsteypunnar og samlegðaráhrif og sterk eignarstaða auðvelda reksturinn. Búnaðarsamband Suðurlands eru samtök bænda og fólks í dreifbýli á Suðurlandi, sem vilja vinna fyrir aðildarfélögin. Félagsgjaldið 6.000 kr. á ári og hefur verið óbreytt í fjölda ára. Við þurfum alltaf að spyrja okkur hvernig geta þessi samtök komið sér sem best fyrir bændur?

5. Ávörp gesta

Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ

Þakkar gott boð á fundinn, með honum kom nýr fjármálastjóri Örvar Ólafsson, en Gylfi Orrason sem verið hefur starfað hjá BÍ í rúm 40 ár ætlar að láta af störfum. Nýafstaðið búgreinaþing tókst mjög vel og hátt í 200 manns úr öllum greinum landbúnaðarins voru þar saman komin og áttu gott samtál um landbúnað vítt og breytt. Það má velta því fyrir sér hvort það sé betra að hafa búgreinaþing að hausti og Búnaðarþing að vori, það er a.m.k. vert að velta þessum möguleika fyrir sér. Aðalmál formanns BÍ þessa dagana eru tollamál, þessi mál eru grafalvarleg ef aðalmálið er að fella niður tolla á landbúnaðarvörur. Í fyrra samþykkti Alþingi að fella niður tolla af Úkraínskum landbúnaðarvörum í 1 ár og var það samþykkt af öllum flokkum. BÍ reyndi að mótmæla en fékk skít og skömm fyrir og alveg sama hvaða rök voru lögð fram, hvort sem það var að skoða hvaða vörur hafa verið fluttar inn síðustu ár og fella niður tolla af þeim, eða ef innflutningur hefði ráðandi áhrif á þá framleiðslu sem fyrir er og fara sömu leið og norðurlöndin. Því er í dag verið að flytja inn kjúkling og hann seldur á 500 kr/kg út úr búð, sem verður líka til þess að fólk kaupir ekki annað kjöt á meðan.

Lausaganga búfjár er umræða sem oft fer mikið fyrir, en vandinn í lausagöngu búfjár er tengdur afreittargirðingum, varnarhólfum ofl. Fólk úr þéttbýli er að flytja í sveitina og er alveg sama um girðingar

og vill bara rækta sín tré, en vill að bændur sjái um að halda sínu fé á sínu landi. Ekki er hægt að fara í þetta málefni nema að hafa Samband íslenskra sveitarfélaga með í ráðum, því það er mismunandi milli landshluta hvernig lausagöngu er háttað. Lögin eru skýr alveg frá Grágás, en túlkunin er ekki eins skýr.

Á síðustu vikum hefur mikið þúður farið í að búa til umsóknir til undanþágunefndar Eflingar, vegna yfirvofandi verkfalls og voru þessar umsóknir sumar afgreiddar, áður en verkfall var blásið af.

Það er ýmislegt sem kemur á borð stjórnar BÍ, t.d. er verið að vinna að lausn á úrgangi frá landeldi í Ölfusi, en vilji er fyrir því að nota úrganginn í landbúnað.

Kolefnisbrúin mun raungerast á næstu misserum, spurning um útfærslu.

Síðustu ár er BÍ búið að vinna að því að 2.000 kr. af félagsgjaldi til BÍ fari í velferðarsjóð og í framhaldinu erum við í sambandi við tryggingafélag þar sem við getum sjúkra- og slysatryggt alla félagsmenn á einu bretti. Þetta verður betur kynnt á komandi Búnaðarþingi.

Gunnar ræddi líka um stöðu bænda sem búa á ríkisjörð og lenda í að útihús brenna, hver er ábyrgur í þeim málum. Er það ríkið eða bóndinn?

Varðandi dýralæknamál þá höfum við verið að leita að dýralæknum sem sinna stórgripum. Við höfum sett fram þá hugmyndir að hagstæðari kjör á námslánunum standi til boða, í dýralæknanámi með sérhæfingu í stórgripum. Á Alþingi mun koma fram þingsályktunartillaga sem tengist þessu dýralæknamáli og höfum við einn þingmann í þeirri vinnu.

Mikill tími fer í að slökkva elda, en sjáum fram á betri tíma í því með breyttu skipuriti BÍ.

Bændageð er nýtt efni á heimasíðu BÍ sem ég hvet ykkur til að skoða, hvernig getum við sinnt sálarástandi bænda betur en við erum að gera. BÍ er með mörg verkefni á sinni könnu og hægt að ræða þau lengi, en læt hér staðar numið.

Björn Halldórsson, formaður stjórnar RML

Takk fyrir boð á fundinn og ánægjulegt að gera grein fyrir því hvað RML er að gera og hvert við stefnum. Fyrirtækið er 10 ára og ætlum okkur að gera þetta ár minnisvert. RML veltir um 900 milljónum og hefur talsverðan slagkraft, það er alltaf verið að þróa starfið og má alveg gera betur.

Það er ekki einfalt að stjórna fyrirtæki með 12 starfsstöðvum, öflun og miðlun þekkingar er meginmarkmið RML. Landbúnaður byggist á að nýta þekkingu, og þá þekkingu þarf að sækja eitthvað.

Stefna RML er að vera aðeins meira á undan í þróun og nýsköpun en verið hefur og er verið að vinna að þeim málum. Sveigja nýsköpun meira í átt að kornrækt, jarðrækt, nýjum nytjajurtum og styðja við loftslagsbreytingar. Loftslagsmál eru stóru málin og við íslenskir bændur höfum ekki kolefnisskatta og þurfum að nýta okkar sérstöðu þar. Niðurstöður af verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður er að það er

hægt að hagræða mikið á flestum búum og þá þarf líka að hafa aðgang að þekkingunni sem RML er með. Hægt er að nota niðurstöðurnar sem bústjórnartæki og hafa í huga að hægt er að hafa mikinn fjárhagslegan hag af þessum verkefnum og líðanin er betri því þú ert að vinna að betra búi.

Neytendur framtíðarinnar fara að spyrja meira hvert er kolefnisfótsporið af þeim matvælum sem þeir kaupa.

Í sauðfjárræktinni er verið að vinna að verkefnum til að sporna við riðu og einbeita sér að þeim svæðum sem eru viðkvæmust.

Stytta þarf leiðina milli bænda og RML, en bændur eiga þetta fyrirtæki og eiga að segja meira um hvað RML á að standa fyrir. Verið að skrifa eigendastefnu RML sem verður kynnt á næsta Búnaðarþingi.

6. Matarhlé.

Ávörp gesta, framhald.

Karvel Lindberg Karvelsson, framkvæmdastjóri RML

Byrjaði á að rifja upp fyrsta fundinn sinn hér á Suðurlandi fyrir 10 árum síðan, þar var hann spurður margra krefjandi spurninga svo sem; Hvernig þetta yrði næstu árin? Hver væri stefna RML? Ásamt fleiri krefjandi spurningum sem ég hafði fá svör við á þeim tíma. Þarna vantaði fyrirtækinu alla innviði og skipulag, en var komið með allt starfsfólkið sem átti að vinna vinnuna.

Í ár ætlum við að halda upp á 10 ára afmæli RML með ýmsum hætti og vera sýnilegri, meðal annars verður hér á Selfossi haldin fagráðstefna í haust.

Þegar við lítum yfir farinn veg og spyrjum okkur hvernig hefur gengið frá 2013 höfum við lært ýmislegt, starfsstöðvunum hefur aðeins fækkað um skrifstofuna á Vestfjörðum. Hjá RML eru 45 stöðugildi og 50 starfsmenn.

RML hefur verið að taka að sér stór verkefni á landsvísu, þar á meðal með eru verkefni fyrir ráðuneyti. Verkefni RML eru m.a. breytingar varðandi umhverfis og loftslagsmál, jarðrækt, erfðaverkefni, þá eru kynbótamatsútreikningar í sauðfjárrækt í endurskoðun og margt fleira. Hvert stefnir RML? Þjónustukönnun var send út til bænda fyrir nokkrum árum og er verið að vinna úr þeim gögnum af þverfaglegu teymi. RML er nokkuð öflugt fyrirtæki, höfum verið að takast á við umhverfismál, skipulagsmál tölvudeildar og önnur mál. Í tölvudeildinni erum við að taka í gegn skýrsluhaldsforritin, sem eru í okkar umsjón. Búið er að senda út könnun til bænda sem eru notendur Fjárvis, þar erum við að leita eftir því hvernig notendur vilja hafa forritið. Í framhaldinu munum við svo senda út könnun fyrir hin forritin okkar líka svo notendur geti verið meiri þátttakendur í þróun þessara forrita.

RML er að ganga frá ársreikningi og er fyrirtækið að rekast á núllinu, eins og gert var upp með og gengur þokkalega rekstrarlega, verkefnastaða RML

er sterk, helst að við náum ekki að manna öll þau verkefni sem þarf að klára. Það er því mikið að skýrast hvert við erum að fara í framtíðinni og hún er björt. Þakkaði góðar móttökur og gott boð.

7. Kjörbréfanefnd skilar álit.

Berglind Hilmarsdóttir, formaður nefndarinnar tók til máls. Rétt til setu eiga 31 búnaðarfélög, þar af 3 með 2 fulltrúa. Búgreinafélögin 5 eiga rétt á 11 fulltrúum. Kjörbréf eru lesin upp og í ljós kemur að eftirfarandi fulltrúar eru mættir:

Sjá töflu aftast.

Mættir eru 31 fulltrúar.

Álit kjörbréfanefndar er samþykkt samhljóða.

8. Umræður um skýrslur og reikninga.

Jökull Helgason, spurning til Björns og Karvels, margir sauðfjárþændur ósáttir við framkomu RML og BÍ við Jón Viðar Jónmundsson, fyrrverandi landsráðunaut í sauðfjarrækt, sérstaklega varðandi hans starfslok. Vill hann að Jóni Viðari verði sýndur meiri sómi af RML og BÍ varðandi hans vinnuframlag í gegnum árin.

Gunnar Ríkhartsson spyr Gunnar Þorgeirsson, varðandi lausagöngu en þetta er mun alvarlegra en fólk gerir sér grein fyrir. Þar sem lausaganga búfjár er leyfð þá má búfé ekki nýta annara manna land. Búfé er alltaf í óleyfi á annara manna landi. Umboðsmaður Alþingis var skýr í sínum málaflutningi að þetta væri aldrei leyft. Það þurfa ekki að vera sömu reglur í öllum landshlutum.

Annað mál varðandi hreinsun á ríkisjörðum sem lenda í húsbruna, hvernig er það ef skrifstofur t.d. BÍ brenna, hver er á að sjá um hreinsun þar?

Til RML Sigtryggur hætti snögglega hjá fyrirtækinu, hvernig er staðan á því, er búið að ráða í hans stað?

Berglind Hilmarsdóttir, þakkar góð erindi.

Sveinn varðandi stofnsjóðinn, væri hægt að ná í þennan sjóð og hvað verður um þennan sjóð?

Gunnar BÍ, varðandi tryggingar, þá er gott að vita að það á að sjúkra- og slysatryggja félagsmenn. Þessi mál brenna mikið á mér og hef ég skoðað tryggingar m.t.t. áhættumats og það þarf að skoða betur, sama áhættumatið allstaðar óháð því hversu mikil áhættan er milli búna. Ég hef verið í sambandi við TM til að fá þá til að áhættumeta aftur hjá okkur, en ein manneskja hefur ekkert í þessi stóru félög en væri gott að BÍ beitti sér fyrir þessu.

Björn RML, ábyrgð okkar bænda gagnvart þekkingu og starfsemi er mikil, eru þið komin í samtal við samtök fyrirtækja í landbúnaði?

Kjartan Ólafsson, þakkar góðar og skilmerkilegar skýrslur og er ánægður með hvernig rekstri þessara samtaka er háttað. Beinir orðum sínum til ungra bænda hér á fundinu að fylgjast með og taka þátt í þessu starfi.

Gunnar BÍ, eru túristar búfé? Gilda girðingalög um túrista? Sem stjórnarmaður í skógræktarfélagi sem á land að Kerinu í Grímsnesi sem rukkar fyrir aðgang.

Getum við óskað eftir að fá hlutdeild í tekjum af Kerinu, því ágangur túrista er mikill á skógræktarlandinu.

Haraldur Guðmundsson, Gunnar BÍ varðandi þessar slysa- og sjúkratryggingar sem BÍ er að stefna að fyrir félagsmenn, erum við þá tvítryggðir eða hvernig er þessu háttað?

Höskuldur Gunnarsson, veltir upp spurningu um fjallskil og afréttamál. Þéttbýlisbúar, kaupa heilu/hálfa jarðirnar en vilja ekki taka þátt í kostnaði. Ef menn borga ekki eru þeir þá til frambúðar búnir að missa þessi hlunnindi?

Gunnar Þorgeirsson BÍ, svaraði Gunnar R. Er ekki að gera lítið úr þessum ágreiningi og samtalið verður að vera virkt. Mikilvægt að enduskoða lagarammann í heild sinni, þarf að einfalda regluverk landbúnaðar almennt og við erum til í þá vinnu. Ágangsfé þar er munur hvort það komi frá heimalöndum eða afréttarlöndum. Sammála Kjartani um lausagöngu túrista, ágangur þar er líka mikill. Hlunnindi bújarða er aðgangur að afrétti.

Varðandi tryggingamálin, þá fór þetta í útboð og verður hjá því tryggingafélagi sem bauð lægst og verður betur skilgreint hvað er inni þessum tryggingum á komandi Búnaðarþingi. Misjafnt er hvað menn eru tryggðir fyrir mikið og þá vilja sumir hafa viðbótarlíftryggingu og er það val hvers og eins. Hjá því tryggingafélagi sem við erum í samtali við er vilji til að sinna bændum betur og fara betur yfir tryggingamálin. Varðandi samtök fyrirtækja í landbúnaði þá verður lögð fram tillaga á Búnaðarþingi um hvernig staðið verður að samvinnu við þessi fyrirtæki og hversu langt við ætlum að ganga. Samstarf er líka hjá RML við dani og Sveinn ætti að vita meira um danskt samstarf.

Karvel Lindberg Karvelsson, RML, við erum lítið samfélag sem þarf að vinna saman og erum í samtali við Samtök fyrirtækja í landbúnaði. Einnig erum við samvinnu við ýmis fyrirtæki, svo sem, LbhÍ, MAST, Matís en fleiri fyrirtæki eru líka á þessum lista.

Ráðningarferli er í gangi en verið er að ráða inn tvo nýja starfsmenn og voru margar umsóknir sem bárust. Varðandi starfslok þess aðila sem Gunnar Ríkhartsson minntist á get ég ekki farið nánar í það mál.

Björn Halldórsson, RML varðandi það sem Jökull Helgason spurði úti, þá vinnur RML eftir ákveðnum reglum og þær eru skýrar og ekki var ástæða til að sveigja þær. Sem stjórnarmaður í RML þá hef ég lítið við þetta mál að bæta.

Sveinn Sigurmundsson varðandi Danmerkurferð sem Gunnar Þorgeirsson minntist á, þá var „dansk aktivited“ í gangi og mikil vinna allan daginn. Varðandi stofnsjóðinn, þá er hann í samvinnufélagi bænda og ekki áform um að skipta út kennitölu til að ná þessum sjóði út. Vorum þó að hugsa það fyrir nokkrum árum til að kaupa einstaklings föðrunarbox og hefði peningurinn farið allur í það, en gott var að við gerðum það ekki því í því nú hafa hita-

myndavélar leyst þau af hólmi a.m.k. að einhverju leyti. Stofnsjóður Auðhumlu skilaði fyrirtækinu meiri vöxtum en markaðsverðbréfin.

Gunnar Kr. Eiríksson, BSSL varðandi stofnsjóðinn þá hafa bændur verið að taka út sinn sjóð til að greiða niður skuldir, en við lítum á það sem samfélagslega ábyrgð að taka þátt í fyrirtæki bænda, Auðhumlu.

9. Kosningar. Kosið um 2 stjórnarmenn úr Árnassýslu.

Gunnar Kr. Eiríksson gefur kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn, finnst þetta gefandi starf.

Helgi Eggertsson, gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu en hefur verið í stjórn eða starfsmaður BSSL í um 40 góð ár og þakkar samstarfið í gegnum tíðina.

10. Verkefni RML í loftslagsmálum og ráðgjöf í jarðrækt, Borgar Páll Bragason.

Borgar er fagstjóri á rekstrar- og umhverfissviði RML. Verkefnin á sviðinu eru margvísleg þau sem eru tengd jarðrækt eru, Jörð.is, áburðarráðgjöf, Sprotinn, bændahópar, jarðræktarfundir, garðyrkja-ylrækt (erlendir ráðunautar), lífræn ræktun og sýnataka. Þau verkefni sem tilheyra fódurráðgjöf, eru Stabbi og Stæða og Norfor, norrænt fódurmatskerfi. Mikið misræmi er í skráningu inn í Jörð.is og bændur oft kærulausir með rétta skráningadaga, sem kemur sér mjög illa þegar stjórnvöld vilja fá upplýsingar úr þessu kerfi. Hvet ég því bændur til að skrá upplýsingarnar réttar, svo hægt sé að fá skýrari mynd af stöðu jarðræktar.

Umhverfis- og loftslagsmál, þar er loftslagsvænn landbúnaður, LOGN landbúnaður og náttúruvernd, mat á umhverfisáhrifum, vegvísir um bættu nýtingu lífrænna efna, landeldi, viðbrögð við kartöflumyglu svo eitthvað sé nefnt.

Rekstrarverkefni RML er búið að vera í gangi í mörg ár, þar eru virkir þáttakendur í mjólkurframleiðslu 154, nautgriparrækt 30, garðrækt 30, sauðfjarrækt 186 og svo er líka verkefni tengt fódurkostnaði kúabúa.

Loftslagsvænn landbúnaður er verkefni sem má þakka forsvarsmönnum sauðfjarræktar fyrir. Það er í samstarfi við Skógrækt og Landgræðslu með hátt í 50 þátttökubú. Vinna markvisst að því að draga úr losun frá búrekstri og binda kolefni með landbótum. Tekið mið að aðstæðum á hverju búi, gerð aðgerðaráætlun (SMART) sem er endurskoðuð árlega, hvert bú er 4-5 ár í verkefninu. Þátttakendur fá greiddan þátttökustyk og niðurgreiðslu á efnagreiningum, er það gert til að allar upplýsingar séu sem nákvæmastar og sýni skili sér frekar í greiningu. Partur af verkefninu er regluleg fræðsluerindi á facebook, aðgangur að kolefnisreiknivél inn í Jörð.is, jafningjafræðsla, staðvinnustofur og heimsóknir á þátttökubú. Ítarleg aðgerðaráætlun er gerð á hverju búi, en þar á ekki allt við, eins og t.d. uppræðsla eða endurheimt votlendis, þarna fer áætlunin eftir þörf hvers bús.

Bændur eru að vinna með sitt bú og sínar aðstæður og miðla upplýsingum sín á milli. Jákvæða hliðin á þessu verkefni eru umfjallanir sem hafa til dæmis verið í Bændablaðinu um bú sem eru í þessu verkefni.

Sprotinn hefur fylgt RML nánast frá upphafi eða frá 2014 og er einstaklingsmiðuð samsetning á notendapakka. Í honum er aðstoð við skráningu í Jörð.is, gerð áburðaráætluna, þá er skoðuð nýtingin á áburði og kostnaður miða við uppskeru. Hver er staða búsins m.v. önnur bú í Sprotanum og margt fleira eftir óskum hvers og eins.

Bændahópar er nýjasta útspil RML en þar er fagleg ráðgjöf í bland við jafningjafræðslu. Erum að innleiða þessa hópavinnu í samstarfi við ProAgria í Finnlandi. Tveir hópar eru starfandi einn fyrir norðan og einn hér fyrir sunnan. Hóparnir ákveða sjálfir hversu oft þeir hittast og hvernig þeir haga sinni hópavinnu.

Gaman að koma hingað og minnir á að ráðgjafar RML eru alltaf til í að vera í samstarfi við ykkur bændur.

Umræður

Reynir Jónsson, ræddi um áburðargjöf og skítadreifingu, veltir fyrir sér hvort það séu fleiri skráningar í jörð.is sem eru rangt skráðar. Við bændur fáum mikið út úr forritinu og því mikilvægt að skrá rétt.

Samúel Eyjólfsson skýrslur sem sýna mismun milli spildna, hver er hagurinn í að lagfæra spildur til að fá sem mest út úr þeim. Getum við séð kostnaðarbreytingu á þessum spildum?

Borgar Páll svarar að það er án efa margt sem má laga í skráningum, stundum ekkert skráð og ef það er skráð þá bara á eina dagsetningu. Bændur eru ekki mjög duglegir að skrá og þarf kannski að einfalda skráninguna og gera sumar skýrslurnar farsímavænar. Samúel við vitum ekki alveg hvernig við finnum út í krónum talið hver hagurinn er, en fyrir bóndann er þetta mikilvægt.

11. Niðurstöður kosninga.

Sigurður Loftsson las upp niðurstöður kosninga. Gunnar Kr. Eiríksson hlaut 30 atkvæði og Haraldur Guðmundsson 30 atkvæði, aðrir fengu færri atkvæði.

Gunnar Kr. Eiríksson formaður þakkar stuðning og óskar Haraldi til hamingju með kosninguna.

Við njótum þess að hafa skemmtilegan fund og þakkar Borgari fyrir góða yfirferð. RML er 10 ára á þessu ári og vil ég biðja Björn Halldórsson, formann stjórnar RML að koma og taka við blómvendi frá Búnaðarsambandi Suðurlands og vonar að samvinna þessara fyrirtæki verði áfram góð og óskar RML velfarnaðar í framtíðinni og hamingjuóskir með tíma-mótin.

Björn Halldórsson, RML þakkar fyrir og góðan fund en ekki síður fyrir að koma og tala við bændur. Vonandi verðið þið bændur dugleg við að nýta ykkur starf RML í framtíðinni.

12. Fundarhlé. Stjórn BSSL skipar með sér verkum.

Sigurður Loftson, les upp niðurstöður, Gunnar Kr. Eiríksson, formaður, Páll Eggertsson, varaformaður og Björn Snorrason ritari.

13. Tillögur lagðar fram og kynntar og nefndir hefja störf.

Sigurður Loftson lagði til að nefndirnar yrðu tvær, sem hér segir; fjárhagsnefnd, formaður Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni og fagmálanefnd, formaður Samúel Unnsteinn Eyjólfsson, Bryðjuholti.

14. Kosningar.

Kosið um 2 í varastjórn úr Árnessýslu og 1 fulltrúa á Búnaðarþing úr Árnes- og Rangárvallasýslu og annan fulltrúa úr Skaftafellssýslum og jafnmarga til vara.

Gunnar Kr. Eiríksson kemur í pontu og gefur kost á sér til setu á Búnaðarþingi.

Sigurður Loftson les upp tillögu um óbreytta varastjórn úr Árnessýslu eða Þórunni Andrésdóttur og Ragnar Finn Sigurðsson, Bjarni Haukur Bjarnason sem fulltrúa á Búnaðarþing úr Skaftafellssýslum og til vara Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir. Tillaga um Gunnar Kr. Eiríksson sem aðalfulltrúa fyrir Árnes- og Rangárvallasýslu, og Páll Eggertsson til vara.

Tillögurnar bornar fram og samþykktar samhljóða.

15. Reikningar, sem og aðrar tillögur lagðar fram til afgreiðslu.

Formaður fjárlaganefndar Kjartan Ólafsson ber upp tillögur nefndarinnar.

Tillaga nr.1 frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Selfossi 8. mars 2023 samþykkir að árgjald til Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2023 verði kr. 6.000 á hvern félagsmann.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr.2 frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Selfossi 8. mars 2023 samþykkir að þóknun aðalfundarfulltrúa miðist við sem svarar einföldum dagpeningum ríkisstarfsmanna þ.e. kr. 14.100.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 3 frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Selfossi 8. mars 2023 samþykkir að laun stjórnarmanna verði kr. 12.000 fyrir hvern stjórnarfund auk dagpeninga samkvæmt ríkistaxta (núna 14.100 kr.) og aksturs kr. 90 pr.km. Formaður fái tvöföld laun og dagpeninga á við aðra stjórnarmenn auk aksturs kr. 90 pr.km. Formaður fái að auki eingreiðslu sem nemur kr. 360.000 á ári.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls. Tillagan var borin upp og samhljóða.

Tillaga nr. 4 frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Selfossi 8. mars 2023 samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2023.

Orðið gefið laust um tillöguna.

Samúel tók til máls, vill BSSL greiða kostnað við gistingu á Búnaðarþinginu?

Kjartan þetta er inni í áætluninni, svo þetta er greitt.

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Þá voru reikningar Búnaðarsambands Suðurlands bornir upp og samþykktir samhljóða.

Tillaga nr.5 frá fagmálanefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Selfossi 8. mars 2023 beinir því til stjórnar BÍ að þrýst verði á stjórnvöld að nýta Byggðastofnun sem stjórnþæki við nýliðun í landbúnaði.

Greinargerð:

Lán á almennum markaði eru allt of dýr fyrir ungt fólk sem er tilbúið til að kaupa búrekstur. Byggðastofnun gæti komið inn með hlutdeildarlán eða lán sem væru vaxtalaus til fyrstu 10-15 ára. Hægt er að líta til norðurlandanna með útfærslu á því.

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr.6 frá fagmálanefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Selfossi 8. mars 2023 samþykkir að tilraunabúið á Stóra Ármóti veiti þeim aðilum sem framleiða kennslufni um landbúnað fyrir börn og ungmenni aðgang að aðstöðu og þekkingu búsin.

Greinargerð:

Á tímamótum umræðu um loftslagsmál, landnotkun og dýravelferð í landbúnaði hafa bændur og stofnanir þeirra hlutverki að gegna í að koma til móts við skoðanir og viðhorf þeirra sem ekki þekkja til greinarnar, með fræðslu og upplýsingum.

Búnaðarsamband Suðurlands gæti gegnt mikilvægu hlutverki með þátttöku dótturfélaga.

Tillagan var borin upp og samþykkt með þorra atkvæða og einn á móti.

16. Önnur mál

Reynir Jónsson las upp minnismiða sem hann var að fá og lýsir áhyggjum sínum, því það stefnir í kjötskort í lambakjöti og nautakjöti. Frá 2021-2022 eru 2.500 færri naut sett á og alvarleg staða í nautakjötsframleiðslu, þar greiða bændur of mikið með framleiðslunni. Bændur sem nýta sér Nautís bæði með kaupum á nautum og/eða notkun á sæði sjá mun, það þarf að gera eitthvað strax í því að bændur sjái hag í að setja á nautkálfa.

Er í verðlagsnefnd búvara og það er verið að uppfæra verðlagsgrunnvöll búvara og er BÍ að vinna sinn eigin grunn til að vera á undan.

Sveinn Sigurmundsson, vill segja nokkur orð til Helga Eggertssonar, en saga okkar spannar 50 ár, vorum samtíða á Hvanneyri, komum til starfa hjá Búnaðarsambandinu árið 1983, en Helgi var m.a ráðunautur í loðdýrarækt. Hann hefur setið í mörgum ráðum og stjórn sambandsins síðustu ár. Takk fyrir samstarfið í gegnum tíðina.

17. Fundarslit, Gunnar Kr. Eiríksson

Gunnar Kr. Eiríksson þakkar skemmtilegan fund og gaman að fá gesti á fundinn og fróðlegt erindi frá Borgari Páli. Þakkar að lokum fulltrúum gestum og starfsmönnum fyrir.

Fundið slitið kl: 17:10

Helga Sigurðardóttir

Aðalfundur BSSL 2023 - fulltrúar - kjörbréf			
Félag	Nafn	Heimili	Kjörbréf
Búnaðarfélag Ölfushrepps	Kjartan Þ Ólafsson	Hlöðutún	1
Búnaðarfélag Grímsneshrepps	Ágúst Gunnarsson	Stærri-Bæ	1
Búnaðarfélag Bláskógabyggðar	Hermann Geir Karlsson	Miðdalskoti	1
	Daníel Pálsson	Hjálmstöðum	1
Búnaðarfélag Hrunamannahrepps	Oddur Ólafsson	Hrepphólum	1
	Þórunn Andrésdóttir	Bryðjuholti	1
Búnaðarfélag Gnúpverjahrepps	Oddgeir Eiríksson	Sandlækjarkoti	1
Búnaðarfélag Skeiðahrepps	Haraldur Guðmundsson	Reykholi	1
Búnaðarfélag Hraugerðishrepps	Skeggi Gunnarsson	Skeggjastöðum	1
Búnaðarfélag Sandvíkurhrepps	Ari Páll Ögmundsson	Stóra-Sandvík	1
<i>Búnaðarfélag Eyrabakka</i>	<i>Enginn mættur</i>		
Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps	Sigurfinnur Bjarkarson		1
Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps	Stefán Geirsson	Gerðum	1
Búnaðarfélag Villingaholtshrepps	Reynir Þór Jónsson	Hurðarbaki	1
<i>Búnaðarfélag Asahrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>		
<i>Búnaðarfélag Djúpárhrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>		
Búnaðarfélag Holtahrepps	Daníel Svanur Ólafsson	Guttormshaga	1
<i>Búnaðarfélag Landmanna</i>	<i>Enginn mættur</i>		
<i>Búnaðarfélag Rangárvallahrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>		
